

REGLUR

125

27. jan.

um framkvæmd laga nr. 91, 23. júní 1932, um varnir gegn kynsjúkdómum.

1. gr.

Um rannsókn sýktra og grunaðra og hvernig meta skuli sýkingarhættuna.

Gonorrhoea.

Ef um útferð er að ræða, skal leita að sóttkveikjum í útferðinni með við-eigandi aðferðum.

Sé engin útferð en aðeins þræðir eða slimklumpar í þvagi, skal rannsaka þá á sama hátt.

Ef þvag karlmanna er hreint og tært og engir þræðir eða slim í því 4—5 klukkustundum eftir að þvagi var kastað síðast, skulu þeir taldir ógrunsamlegir.

Frá konum skal rannsaka slím, sem tekið er með sköfu bæði úr þvagrás og leghálsi (canalis cervicalis).

Þann, sem sjúkur er eða grunaður um að vera sýktur af lekanda, skal ekki telja ósmitandi fyrr en hann hefir verið rannsakaður að minnsta kosti þrisvar með ekki minna en viku millibili, og í öll skiptin án þess að lekanda-sóttkveikjur hafi fundizt. Taka skal útferð frá sjúklingi til rannsóknar að morgni, áður en hann hefir kastað af sér þvagi. Hjá konum fari, ef unnt er, að minnsta kosti ein rannsókn fram rétt á eftir tíðum. Meðan á þessum rannsóknum stendur, noti hinn sjúki eða grunaði engin lekandalýf.

Ef við sóttkveikjurannsókn á sjúklingi, sem haft hefir lekanda, finnst mikið af hvítum blóðkornum í útferð eða slími, skal ekki telja hann ósmitandi, þó að engar lekandasóttkveikjur finnast.

Syphilis. Ulcus molle.

Farið skal með öll grunsamleg sár, sem þau væru af þessum uppruna.

Þar sem þess er kostur, skal þegar láta fara fram sóttkveikjurannsókn á slíkum sárum.

Þegar um er að ræða útbrot eða önnur einkenni þess, að um syphilis sé að ræða, skal gera ráð fyrir, að svo sé, unz úr því er skorið með rannsókn á blóði sjúklingsins.

Sé um að ræða rannsókn sýktra eða grunaðra og meira en 7 vikur eru liðnar frá því að sýking hafði átt að eiga sér stað, skal, ef unnt er, gera Wassermanns-rannsókn eða aðra jafngilda rannsókn á blóði hins sjúka eða grunaða, og hún látin skera úr. Séu 7 vikur ekki ugglaust liðnar, skal beðið með rannsókn unz sá tími er liðinn. Hafi sjúklingurinn notað þau lyf, sem áhrif geta haft á þessa rannsókn, t. d. kvikasilfur-, arsenik- eða joðlyf, skal láta líða 4—6 vikur frá því að hætt var við lyfin og þangað til rannsókn fer fram, og sé hún neitandi, skal endurtaka hana eftir 10—30 daga eða síðar, ef ástæða þykir til. Ekki skal taka

125 blóð til rannsóknar á meðan hinn sjúki eða grunaði er ölvaður eða í svæfingu, 27. jan. og ekki fyrr en sólarhringur er liðinn þar frá.

Ekki skal sjúklingur, sem haft hefir syphilis, talinn albata og ósmitandi, fyrr en hann hefir notið viðeigandi lækni meðferðar eftir fyllstu kröfum lækni- fræðinnar, og Wassermannsrannsókn eða önnur jafngild rannsókn hefir síðan farið fram á blóði hans, fyrst 8 vikum eftir að lækningu var lokið og síðan með ca. $\frac{1}{2}$ árs millibili í full 2 ár og séu allar rannsóknirnar neitandi.

Sjúkling með ulcus molle skal telja ósmitandi, þegar öll sár eru að fullu gróin.

2. gr.

Um skrásetningu sjúklinga með syphilis

(sbr. 3. gr. laganna).

Allir læknar skulu skrá kynsjúkdómasjúklinga í dagbækur sínar eða spjald- skrár á sama hátt sem aðra sjúklinga.

Héðarslæknar skrá auk þess alla syphilissjúklinga í héraði sínu í bók, er landlæknir lætur í té, og fylgir bókin embættinu. Í þá bók skal ekki skrá nöfn sjúklinganna, heldur einkennismerki þeirra, er fundin skulu þannig: Kynmerki, fyrstu stafir í öllum nöfnum sjúklingsins og föðurnafni, fæðingardagur og ár. Dæmi: Jón Sigurður Árnason, f. 8. ágúst 1894; merki: ♂ JSÁ 8VIII 94. Ágústa Jóna Guðmundsdóttir Melan, f. 10. marz 1900; merki: ♀ ÁJGM 10III 00.

Að öðru leyti segir landlæknir fyrir um, hvernig skrá skuli í bókina.

Starfandi læknar skrá einkennismerki syphilissjúklinga sinna á viku- eða mánaðarskýrslur sínar til viðkomandi héraðslæknis og gefa honum aðrar nauð- synlegar upplýsingar. Héraðslæknar skrá einkennismerkin á mánaðarskýrslur sínar og ársskýrslur til landlæknis.

3. gr.

Um ókeypis læknishjálp kynsjúkdómasjúklinga

(sbr. 5. og 6. gr. laganna).

Ef sjúklingur leitar ókeypis læknishjálpar við kynsjúkdómi, lætur viðkom- andi læknir sér nægja munnlega skýrslu sjúklingsins um, að hann sé ekki fær um að greiða læknishjálpina sjálfur, nema læknirinn viti, að þetta sé ósatt, enda sé ekki ástæða til að óttast um, að sjúklingurinn vanræki að leita sér læknishjálpar, ef hún er ekki veitt ókeypis.

Reikningum um ókeypis læknishjálp kynsjúkdómasjúklinga skal fylgja skýrsla um sjúklingana og læknishjálpina, hvorttveggja skráð á eyðublað, er landlæknir lætur í té.

4. gr.

125

27. jan

Um dulmálsskeyti til héraðslæknis um kynsjúkdómasjúkling
(sbr. 11. gr. laganna).

Þessar skammstafanir skulu notaðar:

G = gonorrhoea, L = lues, U = ulcus molle, Ra = óskast rannsakaður,
Pat = veikur, Sv = svar, Str = strauk, Læk = undir læknis hendi.

Dæmi: Nafn læknis og heimili. Jónína Sigurðardóttir Sauðárkróki L Ra = óskast rannsökuð vegna lues (með því að hún er talin veik eða hafa smitað frá sér). Eða: G Pat Str Sv = er veik af gonorrhoea, fór í leyfisleysi frá lækni. Svar óskast (um það, hvort hún sé þar og þá verið tekin til lækninga). Svar: JSLæk — Jónína Sigurðardóttir undir læknishendi.

5. gr.

Um lyf, sem líklegt þykir, að nota eigi við kynsjúkdómum (sbr. 16. gr. laganna)
og um varnarlyf gegn kynsjúkdómum.

Lyfsölum og öðrum er óheimilt að selja lyf, er líklegt þykir, að nota eigi til meðferðar á kynsjúkdómum, nema eftir ávísun læknis í hvert sinn. Hér koma til greina öll vitisteinssambönd (sbr. þó ljósmæðrareglugerð 7. gr.), lífræn og ólífræn zinksambönd, hypermanganas kalicus, koparsambönd o. fl., ef um þau er beðið í svo stórum mæli, að grunsamlegt sé, til hvers þau eigi að notast. Einnig sandelolía og sambönd hennar, kvikasílfur-, arsenik og joðlyf, lífræn og ólífræn. Ennfremur öll þau „patent“-lyf, sem á markaðinum eru eða kunna að verða og eingöngu eða nær eingöngu eru notuð við þessum sjúkdómum.

Lyfsölum er heimilt að selja í lausasölu eða í sjálfsölum böggla með varnarlyfjum gegn kynsjúkdómum, enda séu þeir að öllu leyti gerðir í samræmi við fyrirmæli landlæknis og verð sett á þá í samráði við hann. Lyfsölum er óheimilt að selja hvers konar önnur varnarlyf gegn kynsjúkdómum, nema eftir læknis-ávísun í hvert sinni.

Þar sem lyfjabúðir eru, skulu héraðslæknar hafa nákvæmt eftirlit með því, að þessum fyrirmælum sé framfylgt.

6. gr.

Um ráðstafanir gegn því, að sjúklingar með kynsjúkdóma gangi í hjónaband.

Áður en hjónaefni eru gefin saman í hjónaband, skal prestur eða vígslumaður krefjast þess, að hjónaefnin undirriti drengskapar-yfirlýsingu um, að þau viti sig ekki haldin af smitandi kynsjúkdómi, jafnframt því sem þau lýsa hinu sama yfir um flogaveiki, holdsveiki og smitandi berklaveiki. Rétt er, að yfirlýsingin hljóði á þessa leið:

Við undirrituð hjónaefni lýsum hér með yfir því, að viðlögðum drengskap, að við vitum okkur ekki haldin af smitandi kynsjúkdómi, flogaveiki, holdsveiki eða smitandi berklaveiki.

125 Áður en hjónaefnin undirrita yfirlýsinguna, skal prestur eða vígslumaður
27. jan. brýna fyrir þeim að ráðfæra sig við lækni, ef þau séu í nokkrum vafa um heilsu-
far sitt að þessu leyti.

Læknir gefur vottorð um það, hvort maður eða kona hafi smitandi kyn-
sjúkdóm og hvort hjónaband skuli leyfa, í samræmi við ákvæði 1. greinar
þessarar reglugerðar.

7. gr.

Reglur nr. 66 frá 20. október 1923 eru hér með úr gildi numdar.

Þetta birtist hér með til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Í dómsmálaráðuneytinu, 27. janúar 1934.

Magnús Guðmundsson.

Gíssur Bergsteinsson.

126
31. jan.

REGLUR

um útsvarsskýrslur utansveitarmanna.

Samkvæmt fyrirætlum í 11. gr. laga nr. 46, 15. júní 1926, um útsvör, eru
eftirfarandi reglur settar:

1. gr.

Sveit í reglum þessum tekur bæði yfir hrepp og kaupstað.

Sveitarstjórn tekur bæði til hreppsnefnda og bæjarstjórna.

Atvinnusveit merkir hrepp eða kaupstað, þar sem atvinna er rekin eða
stunduð.

Heimilissveit merkir þann hrepp eða kaupstað, þar sem atvinnurekandi eða
atvinnustundandi á heimilisfang.

Utansveitarmaður merkir hvern þann, er rekur atvinnu eða stundar atvinnu
utan heimilissveitar sinnar.

2. gr.

Hverjum þeim einstaklingi eða félagi, sem:

1. hefir heimilisfasta atvinnustofnun eða útibú utan heimilissveitar sinnar,
2. hefir leiguliðaafnot af landi, þótt ekki fylgi þeim ábúð, svo sem laxveiði,
ábúð á jörð eða jarðarhluta, lóðarafnot, er arð gefa, o. s. frv., utan heimilis-
sveitar sinnar,
3. á heima erlendis, en rekur hér atvinnu eða stundar,
4. stundar fiskiveiðar og leggur upp afla af skipi utan heimilissveitar sinnar,
5. rekur annars atvinnu utan heimilissveitar sinnar, svo sem verzlun, selveiði,
hvalveiði, síldarkaup, síldarsölu, síldarverkun eða síldarbræðslu eða verk-
smiðjuviðnað,